

Bstj. 3. júní 2008

9. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. maí
Fundargerð borgarráðs frá 29. maí

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mig langar að fara yfir málefni Orkuveitu Reykjavíkur sem var til umfjöllunar í borgarráði þann 29. maí sl. þar sem forstjóri Orkuveitunnar kom á fund borgarráðs og lýsti fyrir okkur þeirri verkefnastöðu Orkuveitunnar sem væri upp og þeirri ákvörðun sem allir þekkja um þá ákvörðun stjórnar Orkuveitunnar að hætta við framkvæmdir á Bitru. En það eru fleiri mál sem hafa komið upp sem varða Orkuveituna og það má með nokkrum sanni segja að atburðarásin í tengslum við Orkuveitu Reykjavíkur og REI er með þvílíkum ólíkindum að maður þarf að hafa sig allan við til þess að fylgjast með þeirri atburðarás og til þess að hafa einhvern skilning á því sem þar fer fram. Ég undrast ekki þó að almenningur í borginni viti ekki hvaðan á þá stendur veðrið þegar nýjar og nýjar fréttir berast af málum þar.

Ég hef gagnrýnt það að menn hafi hlaupið upp til handa og fóta og ákveðið að hætta við virkjunina við Bitru innan við sólarhring frá því skipulagsstofnun gaf út álit sitt á framkvæmdinni eða álit sitt á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Stjórn Orkuveitunnar gerði meira en að hætta við ákvörðunina með svo skömmum fyrirvara, hún hætti líka við fyrirhuguð túrbínukaup vegna framkvæmdarinnar stuttu síðar. Mér er sagt að það hafi ekki verið ástæða til þess að fresta þeim túrbínukaupum, að minnsta kosti ekki fyrr en eftir mánuð. Þannig að ég vil spyrja borgarfulltrúa Kjartan Magnússon og stjórnarformann Orkuveitunnar hvers vegna ekki var beðið og menn hugsuðu málið lengra. Ekki síst í ljósi þess að í borgarráði er í frestun tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um það að stjórn Orkuveitunnar endurskoði ákvörðun sína frá 20. maí um að fresta öllum virkjunaráformum við Bitru eða hætta við.

Skilaboð stjórnar Orkuveitunnar til starfsmanna fyrirtækisins eru með þeim hætti að 12-13 ára vinnu starfsmanna Orkuveitunnar er varpað fyrir róða í einu hendingskasti. Það er ekki skrytið þó það sé mikil ólga innan fyrirtækisins vegna þess að fyrirtæki sem býr við stjórnun sem gefur ekki skýr skilaboð og menn vita ekki hvert þeir eiga að fara, það skapar mikla óvissu. Það skapar líka mikla óvissu í því sveitarfélagi sem Orkuveitan var í samstarfi við, sveitarfélagið Ölfus, sem hefur á undanförunum árum og misserum unnið að því að byggja upp öflugt

Bstj. 3. júní 2008

atvinnulíf í sveitarfélaginu og ætlast til þess að nota þá endurnýjanlegu hreinu orku sem nóg virðist vera af á þessu svæði. Mér skilst að það séu um 500 störf í uppnámi vegna þessarar ákvörðunar stjórnar Orkuveitunnar og ég held að það séu ótrúlega óvægin skilaboð inn í þá umræðu um efnahagsmál sem við stöndum frammi fyrir núna. Þannig að ég vil biðja stjórnarformann Orkuveitunnar að fara yfir þetta mál og svara mér þó ekki væri meira en með túrbínukaupin, áður en hann síðan svarar mér um brottrekstur forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur sem tilkynnt var fyrir helgi.

Mér hefur ekki fundist koma nægilega skýrt fram hjá stjórnarformanni Orkuveitunnar hver sé ástæða uppsagnarinnar. Hver er ástæðan fyrir því að stjórn Orkuveitunnar segir upp forstjóra fyrirtækisins eða kallar hann ekki aftur til starfa? Eins finnst mér einkennileg skilaboð stjórnarinnar til sitjandi forstjóra að hann muni sitja enn um sinn. Það er það öryggi sem starfsmenn og stjórnendur Orkuveitunnar búa við um þessar mundir. Þannig að það þarf að svara því hvers vegna og hver taki við. Það sama á við um starfsemina hjá REI. Nú er forstjórinn hættur og ég spyr þá stjórnarformanninn – hver stjórnar REI í dag?

Það er mikil hætta á atgervisflótta frá REI núna þegar búið er að reka forstjóran án neinnar sýnilegrar ástæðu. Ég hef áhyggjur af því að það geti gerst að starfsmenn fyrirtækisins fari bara sjálfir í útrás og skilji fyrirtækið eftir með sárt ennið, án starfsmanna. Eins langar mig að spyrja stjórnarformanninn um samskipti hans og starfsmanna REI um hugsanleg kaup starfsmannanna á fyrirtækinu. Hverjar voru þær umræðu, um hvað snerust þær og hver var niðurstaðan af því samtali?

Mig langar líka að spyrja stjórnarformanninn, ekki síst eftir þá ferð sem hann fór til Afríku þar sem hann undirritaði fjölmargar viljayfirlýsingar um samstarfsverkefni við þjóðir þar, hvernig á að fjármagna þær framkvæmdir. Eins langar mig að spyrja hvort farið verði í frekari útrásarverkefni en ég hef verulegar áhyggjur af stöðu fyrirtækisins.

Að lokum, virðulegi stjórnarformaður og borgarfulltrúi Kjartan Magnússon, ég lít svo á að það sé búið að skaða orðspor Orkuveitu Reykjavíkur og ekki síst REI á

Bstj. 3. júní 2008

Þeim tíma sem þú hefur haldið um stjórnartaumana og ég vil spyrja þig að lokum hvernig þú hyggst snúa þeirri atburðarás við sem nú þegar er orðin.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að taka til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

Bstj. 3. júní 2008

9. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. maí
Fundargerð borgarráðs frá 29. maí

Kjartan Magnússon: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég þakka Óskari Bergssyni borgarfulltrúa fyrir að koma hér upp og gera málefni Orkuveitu Reykjavíkur að umtalsefni. Það er alveg rétt að það hafa ýmsar ákvarðanir verið teknar í fyrirtækinu á undanförunum vikum sem er eðlilegt að veiki athygli. En ég get fullvissað borgarfulltrúann um það að þetta eru ekki ákvarðanir sem hefur verið hlaupið til af einhverjum geðþóttum, eins og hefði mátt skilja á máli hans, heldur hefur verið farið vel yfir þetta og þessar ákvarðanir hafa verið teknar að vandlega athuguðu máli.

Varðandi kaup á hverflum vegna virkjana á Hellisheiði þá er það rétt að það var gert ráð fyrir að yrðu keyptir sjö hverflar en ekki fimm en það var á endanum samið um fimm. Ástæður þess eru svo sem ljósar. Eins og við vitum þá eru hverflar eða túrbínur mjög dýrir hlutir og verðmæti þeirra hleypur á milljörðum króna. Það leikur sér enginn að því að kaupa hverfla sem menn eru síðan ekki vissir um hvort að sé hægt að nýta. Þetta eru ekki hlutir sem maður kaupir til öryggis og geymir síðan upp í skáp. Það eru miklir hagsmunir fyrir fyrirtækið þegar slíkir hverflar eru keyptir að það sé alveg víst að þeir verði notaðir. Eins og mönnum ætti að vera ljóst af umræðum síðustu vikna þá var ljóst eftir að skipulagsstofnun gaf út álit vegna Bitruvirkjunar að það var ekki eins ljóst og áður að hægt væri að fara út í þá virkjun. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur brást þannig við og var samhljóða í þeim viðbrögðum sínum, að hætta undirbúningi Bitruvirkjunar með þeim hætti sem hafði verið gert og frekari ákvörðun um virkjunina var frestað. Ákvarðanir um framtíð þessarar virkjunar verða teknar að höfðu samráði við þau sveitarfélög sem þar eiga hlut að máli. Ef þessi ákvörðun hefði ekki verið tekin þarna þá hefði fyrirtækið skapað sér hættu á sektum, ef það hefði þurft að fara út í það síðar að hætta við kaup á þessum tveimur hverflum og það hefði kostað töluvert mikla peninga, þær sektir hefðu hlaupið á hundruðum milljóna króna. En fyrir þá sem vilja virkja þá bendi ég á að það var gengið frá því sl. föstudag kaupum á fimm hverflum og þeir verða að sjálfsögðu notaðir í virkjunum á Hellisheiði, þannig að Orkuveitan hefur í sjálfu sér nóg tækifæri og nóg að gera í virkjunum og byggingu virkjana á næstu árum. Þannig að það er ekki mikið verið að slá af.

Bstj. 3. júní 2008

Varðandi óvissu í Ölfusi þá er það rétt að það hafa komið fregnir um slíkt en ég hef átt fundi með sveitarstjórnarmönnum í Ölfusi og aðrir yfirmenn Orkuveitunnar. Við höfum gefið þeim Ölfusingum ákveðnar skuldbindingar um það að við munum tryggja rafmagn til atvinnusköpunar í þeirra heimabyggð og við þær yfirlýsingar verður að sjálfsögðu staðið.

Varðandi ástæðu uppsagnar forstjóra sem er annað mál sem hefur komið til tals þá er það alveg rétt að ég hef ekki mikið vilja tjá mig um þessi mál í fjölmiðlum. Hér er um viðkvæm og persónuleg mál að ræða og það er auðvitað álitamál að hve miklu leyti slík mál eiga að fara í fjölmiðla eða í umræðu í borgarstjórn. En Óskar Bergsson borgarfulltrúi kys að koma með þessa umræðu hingað og þá verð ég að sjálfsögðu að taka þátt í henni. Um þetta vil ég segja að ég tel það mjög mikilvægt að það ríki fullur trúnaður á milli forstjóra Orkuveitunnar og stjórnar fyrirtækisins og borgarfulltrúa í Reykjavík. Það er ljóst að þessi trúnaður varðandi þennan umrædda einstakling sem Óskar Bergsson borgarfulltrúi talar um, hann beið hnekki í vetur eins og er staðfest með skýrslu stýrihóps um REI-málið á bls. 13. Það stendur í skýrslunni að það sé brýnt að endurvinna þetta traust. Það er mikilvægt að það ríki fullt traust á milli aðila og það verður að segjast eins og er að það gekk ekki nógu vel að endurvinna slíkt traust. Það kannski endurspegladist í orðum sjálfs forstjórans þegar hann hætti því strax eftir það gaf hann yfirlýsingar í ýmsa fjölmiðla og þær yfirlýsingar voru á þá leið að hann væri feginn að vera laus vegna þess að hann vildi ekki bera ábyrgð á þeirri þróun sem ætti sér stað í fyrirtækinu. Bara í þessum orðum forstjórans hygg ég að hafi endurspeglast að það hafi verið töluvert bil á milli manna og kannski ekki sá trúnaður á milli manna sem nauðsynlegt er að ríki á milli forstjóra annars vegar og stjórnarformanns í stóru fyrirtæki hins vegar.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að taka til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

**9. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. maí
Fundargerð borgarráðs frá 29. maí**

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er kannski ekki við því að búast að menn nái að svara tæmandi svona spurningalista í jafn knöppu umræðuformi og hér er boðið upp á. En engu að síður kom það fram hjá Kjartani Magnússyni að sér hefði fundist heppilegra að fresta túrbínukaupunum strax, en það kom fram í máli mínu áðan að hann hafði mánuð til þess en nýtti bara örfáa sólarhringa. En það er kannski ekki meginmálið núna. Mér finnst meginmálið vera það að stjórnarformaðurinn upplýsir að það hafi verið trúnaðarbrestur milli stjórnar og forstjóra í málinu og þess vegna hafi forstjórinn verið látinn fara. Ég held að þegar menn tala með þeim hætti sem borgarfulltrúinn gerir þá verða menn að færa betri rök fyrir máli sínu. Ef það er þannig að trúnaðarbresturinn varð í tengslum við REI-málið þá varð trúnaðarbrestur milli borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar og fleiri stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur og þ. á m. þáverandi borgarstjóra. Þannig að ég verð bara að segja það að mér finnst Sjálfstæðisflokkurinn og fulltrúar hans í stjórn Orkuveitunnar stíga ansi langt og hressilega yfir strikið, að ef þeir ætla að gera starfsmenn REI eða Orkuveitu Reykjavíkur að blóraböggli í einu stærsta pólitíska upphlaupi sem við höfum horft hér upp á, ef það á að vera afgreiðslan á málinu þá held ég að þessu máli sé ekki nærri lokið.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að taka til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

**9. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. maí
Fundargerð borgarráðs frá 29. maí**

Kjartan Magnússon: Ágæti forseti, góðir borgarfulltrúar. Eins og ég sagði hér áðan þá er auðvitað álitamál hve langt á að ganga við að greina frá ástæðum starfsloka forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur á svona opinberum vettvangi. En ég vil þó endurtaka það sem ég sagði hér áðan að það segir í REI-skýrslunni á bls. 13 að það sé brýnt að endurvinna það traust sem á að vera á milli borgarfulltrúa og stjórnar Orkuveitunnar annars vegar og stjórnenda Orkuveitunnar hins vegar. Ég er búinn að vera stjórnarformaður Orkuveitunnar í nokkra mánuði og í þessu tilviki þá tel ég að það hafi ekki gengið nógu vel að endurvinna það traust sem er mikilvægt að sé á milli þessara aðila. Eins og ég sagði, það kom skýrt fram í máli forstjórans fyrrverandi þegar hann hætti, þegar hann tjáði sig um málið í fjölmiðlum, hann tjáði sig ekki mikið um þessi mál en hann sagði þó að hann væri feginn að bera ekki ábyrgð á þeirri þróun sem ætti sér stað í fyrirtækinu. Það er alveg ljóst að sú þróun var byrjuð meðan hann var forstjóri eða vann hjá fyrirtækinu. Bara af þeim orðum á að vera ljóst að það var ekki ríkjandi sá trúnaður sem þarf að vera á milli manna. Það er auðvitað mikil spurning hvort það sé heppilegt fyrir fyrirtæki eins og Orkuveituna sem á sem mest sátt að ríkja um að það sé þar sé ekki fullur trúnaður á milli manna. Ég tel að svo sé ekki. Orkuveitan er gríðarlega gott og öflugt fyrirtæki sem veitir Reykvíkum og mörgum landsmönnum mjög mikilvæga þjónustu. Það eru miklir kraftar í þessu fyrirtæki sem þarf að nýta. Þar hefur fjölmargt gott verið gert. Ég tel að við borgarfulltrúar í Reykjavík eigum að einblína á jákvæðu þættina sem eru fjölmargir sem þetta fyrirtæki stendur fyrir en eigum ekki að leggja áherslu á neikvæðu þættina og við eigum að fækka ófriðarefnum um fyrirtækið. Því miður hefur mikið verið deilt um þetta fyrirtæki hér í vetur og reyndar áður. Við eigum að leysa ágreiningsefnin inna pólitíkurinnar sem snúa að þessu fyrirtæki og fækka þeim, þannig að sem fyrst get full sátt og eining ríkt í borgarstjórn um þetta góða fyrirtæki.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur nýtt sér rétt sinn til að taka til máls en getur veitt andsvar ef borgarfulltrúinn kys að gera svo. Já, borgarfulltrúinn veitir andsvar.

9. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. maí
Fundargerð borgarráðs frá 29. maí

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það kann að fara svo að við séum að komast að kjarna málsins þegar borgarfulltrúi Kjartan Magnússon talar um að það þurfi að endurvekja traustið, það hafi orðið trúnaðarbrestur og þetta sé hans leið að því markmiði. Ég veit ekki hvort ég þarf að minna nokkurn borgarfulltrúa hér í salnum á það hver atburðarásin varð í tengslum við REI. Sú atburðarás er öllum kunn en það sem er algjörlega ljóst í mínum huga og ég hélt allra sem hér eru inni að þeir embættismenn sem þar komu að verki töldu sig vera að vinna í umboði borgarstjórans í Reykjavík. Það er nú allur sá trúnaðarbrestur sem þessir menn hafa verið staðnir að. Hins vegar var það ekki alveg skýrt hvert hið pólitíska umboð borgarstjórans í Reykjavík var á þeim tíma og um það hefur þessi styr allan tímann staðið. Þannig að á sama tíma og stjórnarformaður Orkuveitunnar biður um það að við einblínum á jákvæða þætti starfseminnar sem vissulega eru margir, þá verður borgarstjórnarmeirihlutinn og hinir pólitísku stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur og REI að gera hreint fyrir sínum dyrum pólitískt. Vegna þess að þó að forstjóri Orkuveitunnar og forstjóri REI sé núna horfinn á braut þá stendur eftir sá trúnaðarbrestur sem varð innan borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins og við erum enn að horfa upp á. Þannig að REI-málið heldur áfram í enn einni birtingarmyndinni og ég veit ekki hvenær við sjáum fyrir endann á því, en virðuleg forseti, ég mun gera grein fyrir bókun í lok þessarar umræðu.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

9. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. maí
Fundargerð borgarráðs frá 29. maí

Kjartan Magnússon: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. REI-málið heldur áfram, segir borgarfulltrúi Óskar Bergsson. Það er sérstakt að heyra þessi orð frá þessum borgarfulltrúa. Það er engu líkara heldur en þessi maður óski eftir því að REI-málið haldi áfram í einhverri mynd. Þetta viðkvæma, pólitíska deiluefni sem hefur verið margoft til umræðu hér í sölum borgarstjórnar í vetur og það er þá bara val þessa borgarfulltrúa. Hann getur ef honum sýnist tekið málefni REI á dagskrá borgarstjórnar og borgarráðs eins oft og hann kýs og þá skulum við bara taka þá umræðu. Hins vegar hefur mér fundist að verk Framsóknarflokksins í REI-málinu væri ekki til þess að hrópa húrra fyrir. Það kom fjölmargt upp í því máli sem var auðvitað mjög gagnrýnivert og sneri að framkomu borgarfulltrúa Framsóknarflokksins og ég er hvenær sem er tilbúinn að taka þá umræðu. Ég ætla ekki að vera mikið í baksýnispeglinum. Ég vil líta fram á við og einblína á hið jákvæða, eins og ég sagði. Mér finnst það nokkuð sérstakt að borgarfulltrúi Óskar Bergsson skuli kjósa að koma inn sali borgarstjórnar og gera það að umræðuefni með þessum hætti. Öðrum þræði kýs hann að ræða um REI-málið en á hinn bóginn kýs hann að ræða starfslok starfsmanns hjá fyrirtækinu sem eru auðvitað viðkvæm og persónuleg mál. Þannig ætlar hann að reyna að færa sér þetta mál pólitískt í nyt, jafnvel með pólitískum loddaraskap, ég vona að honum verði ekki kápan úr því klæðinu.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið við að svara andsvari. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson veitir andsvar öðru sinni.

9. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. maí
Fundargerð borgarráðs frá 29. maí

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta var nú merkilegur lokasperttur hjá stjórnarformanninum og ég verð nú að segja það og ég skora á borgarfulltrúann að fletta upp í sínum eigin ræðum að það var í raun og veru hann sjálfur sem bryddaði fyrst upp á REI-málinu í umræðunni um þetta mál. Ég verð að segja það að úr því að hann vill gera aðkomu borgarfulltrúa Framsóknarflokksins fyrirverandi á REI-málinu tortryggilega á þessum tímapunkti þá finnst mér það með fullkomnum ólíkindum. Ef það er einhver stjórnmálamaður sem átti þátt í því að vinna að sameiningu REI og Geysis Green í fyrsta meirihluta þessa kjörtímabils, þá var það borgarfulltrúi Björn Ingi Hrafnsson. Það var borgarfulltrúinn sem var tilbúinn að viðurkenna á sig einhver mistök í því ferli að of fljótt hefði verið farið og allir vita hans afstöðu í því máli. Þannig að staða borgarfulltrúa Framsóknarflokksins á þeim tímapunkti var einfaldlega sú að hann var meðstjórnandi í fyrirtækinu þar sem Sjálfstæðisflokkurinn var algjörlega með allt frumkvæði í stjórninni. Sjálfstæðisflokkurinn var með stjórnarformennsku í Orkuveitunni, með stjórnarformennsku í REI, var alfa og omega allrar þessar atburðarásar. Síðan hlaupa borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins frá málinu, allir nema einn og þá í raun og veru sat hann uppi með málið og hann gaf það aldrei frá sér. Hann sýndi alltaf vilja og sannfæringu fyrir verkefninu en það voru borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sem hlupu útundan sér. Mér finnst það með fullkomnum ólíkindum að málið sé borið upp með þessum hætti hér, vegna þess að það er einfaldlega ómaklegt.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá er andsvörum lokið og umræðu um þennan dagskrárlið einnig lokið. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson lýsti því yfir áðan að hann myndi gera grein fyrir bókun síðar á fundinum.

Þá er það 10. liður á dagskrá þessa fundar sem er fundargerðir framkvæmda- og eignaráðs frá 19. og 26. maí, fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. maí, fundargerð leikskólaráðs frá 14. maí, fundargerð menntaráðs frá 26. maí og fundargerðir skipulagsráðs frá 21. og 28. maí. Enginn hefur óskað eftir að taka til máls og er umræðu lokið.

Bstj. 3. júní 2008

Forseti ætlar að gera 2 mínútna fundarhlé til að veita borgarfulltrúum tækifæri til að klára þær bókanir sem eru eftir.

Fundi er fram haldið í Borgarstjórn Reykjavíkur og til máls tekur borgarfulltrúi Óskar Bergsson sem gerir grein fyrir bókun.

Bstj. 3. júní 2008

9. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. maí
Fundargerð borgarráðs frá 29. maí

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla að gera grein fyrir bókun borgarfulltrúa Framsóknarflokksins vegna uppsagnar forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur:

Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins mótmælir tilhæfulausri uppsögn forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur sem Sjálfstæðisflokkurinn og F-listinn bera fulla ábyrgð á. Frá því að Sjálfstæðisflokkurinn og F-listinn tóku við stjórnartaumum í Orkuveitu Reykjavíkur og REI hafa fyrirtækin mátt þola árásir og ófrægingarherferð pólitískrar yfirstjórnar.

Stjórnarformaður Orkuveitunnar hefur ekki rökstutt ákvörðun sína um uppsögn forstjórans. Hann hefur ekki gert grein fyrir því hver taki við stjórninni. Hann hefur ekki svarað því hvernig eigi að fjármagna þau verkefni sem hann sjálfur hefur skrifað undir. Ekki koma skýr svör um hvort halda eigi áfram með fleiri verkefni og því er óvissa hjá öllum meginstoðum fyrirtækisins.

Þegar þessi atburðarrás er tekin saman þá kemur í ljós að engin ástæða er gefin upp fyrir uppsögn forstjóra, engin áform um að ráða í stöðuna og engin stefna gefin upp fyrir fyrirtækið. Eftir rúma þrjú mánuði er búið að rústa fyrirtækið REI og stórskaða Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur verið í fararbroddi í þróun, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu samhliða kjarnastarfsemi sinni. Það er óhætt að segja að verkin tali þegar verk meirihluta Sjálfstæðisflokks og F-lista eru skoðuð. Orkuveita Reykjavíkur fer ekki varhluta af því.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að gera grein fyrir bókun. Nú óska borgarfulltrúar meirihlutans eftir að gagnbóka. Á meðan verið er að undirbúa þá bókun þá tekur til máls borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson sem gerir grein fyrir bókun meirihlutans varðandi ársreikninga 2007. **[Sjá neðan við umræður um 8. mál.]**

Bstj. 3. júní 2008

9. mál Fundargerð borgarráðs frá 22. maí
Fundargerð borgarráðs frá 29. maí

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég geri hér grein fyrir bókun meirihlutans:

Samkomulag varð um starfslok forstjóra REI, sem verið hafði í tímabundnu leyfi frá starfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Fjallað var um starfslokin með viðhlítandi hætti í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og voru þau samþykkt mótatkvæðalaust. Fullyrðingar Óskars Bergssonar borgarfulltrúa um að um tilhæfulausa uppsögn sé að ræða dæma sig sjálf enda situr borgarfulltrúinn ekki í stjórn Orkuveitunnar.

Óskar Bergsson beinir fjölmörgum spurningum til stjórnarformanns Orkuveitunnar um málefni Reykjavíkur Energy Invest undir fundargerð borgarráðs þar sem fjallað var um virkjanaframkvæmdir á Hellisheiði. Stuttur ræðutími undir fundargerðum leyfir ekki ýtarlegar umræður eins og borgarfulltrúanum má vera ljóst. Eðlilegt hefði verið að setja umrædd málefni á dagskrá fundarins eins og borgarfulltrúinn hafði tók á.

Ljóst er að Óskar Bergsson borgarfulltrúi hefur ekki undirbúið málflutning sinn með hagsmunum Orkuveitu Reykjavíkur í huga heldur til að vekja á sér athygli í pólitísku skyni.